

**Kæruneftnd útlendingamála**

**06 151**

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

**Kærunefnd útlendingamála**  
**kt. 591214-0120**  
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnáskýrslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Nefndarmenn eru sérfróðir um mál sem falla undir útlendingalög einkum hvað varðar dvöl og búsetu útlendinga hér á landi, málefni flóttamanna og rétt til alþjóðlegrar verndar. Þeir eru skipaðir til fimm ára í senn.

Hlutverk kærunefndar útlendingamála er aðallega að rannsaka og úrskurða í kærumálum. Nefndin hefur ekki með höndum umönnun hælisleitenda eða aðra félagslega aðstoð sem hælisleitendur þurfa og eiga rétt á. Þá kemur nefndin ekki að stefnumörkun í þessum málaflokki að öðru leyti en því sem leiðir af úrskurðum hennar. Framkvæmd úrskurða nefndarinnar er í höndum Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 308,9 milljónir og afkoma kr. 45,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 100,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kærunefndar útlendingamála fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	303.300.000	287.900.000
Sala á vöru og þjónustu .....	3	2.475.891	2.566.808
Framlög, gjafir og aðrar tekjur .....		0	114.350
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	3.116.953	3.344.049
<b>Tekjur samtals</b>		<b>308.892.844</b>	<b>293.925.207</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	334.404.275	321.982.548
Annar rekstrarkostnaður .....	5	(73.623.522)	(21.447.318)
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	3.116.953	3.344.049
<b>Gjöld samtals</b>		<b>263.897.706</b>	<b>303.879.279</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>44.995.138</b>	<b>(9.954.072)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármagnsgjöld .....		(154)	(756)
		(154)	(756)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>44.994.984</b>	<b>(9.954.828)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		44.994.984	(9.954.828)
		44.994.984	(9.954.828)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	92.801.738	47.893.042
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	7.716.916	10.476.627
<b>Eignir samtals</b>		<u>100.518.654</u>	<u>58.369.669</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	9	28.609.917	23.375.961
Tengdir aðilar .....	7	711.822	7.274.824
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....		23.884.239	25.401.192
<b>Skuldir samtals</b>		<u>53.205.978</u>	<u>56.051.977</u>
<b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>		47.312.676	2.317.692
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....		47.312.676	2.317.692
<b>Eigið fé samtals</b>	10	<u>47.312.676</u>	<u>2.317.692</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>100.518.654</u>	<u>58.369.669</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.



## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	296.800.000	0	0	1.600.000	298.400.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>296.800.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.600.000</b>	<b>298.400.000</b>
Launabætur .....	6.500.000	0	0	0	6.500.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>303.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.600.000</b>	<b>304.900.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) .....	2.317.692	0	0	14.924.565	17.242.257
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>305.617.692</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>16.524.565</b>	<b>322.142.257</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(258.305.016)	0	0	(357.242)	(258.662.258)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>47.312.676</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>16.167.323</b>	<b>63.479.999</b>

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	7.716.916	10.476.627
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	16.167.323	14.924.565
	<b>23.884.239</b>	<b>25.401.192</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2025

2024

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga .....	303.300.000	287.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3.116.953	3.344.049
	<u>306.416.953</u>	<u>291.244.049</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	296.800.000	0	0	296.800.000
Launabætur .....	6.500.000	0	0	6.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>303.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>303.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(258.305.016)	0	0	(258.305.016)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>44.994.984</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>44.994.984</b>

### 3 Sala á vöru og þjónustu

Veitinga- og gistipjónusta .....	2.393.555	2.566.808
Vörusala I .....	82.336	0
	<u>2.475.891</u>	<u>2.566.808</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	264.626.720	258.047.459
Breyting á áföllnu orlofi .....	5.849.833	1.504.148
Launatengd gjöld .....	60.241.777	59.071.330
Samtals launakostnaður .....	330.718.330	318.622.937
Starfsmannakostnaður .....	3.685.945	3.359.611
	<u>334.404.275</u>	<u>321.982.548</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	20,8	20,3

## Skýringar

	2025	2024
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	85.785	45.639
Byggingarvörur, almennar .....	0	341.771
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	38.240
Ýmis tæki og áhöld .....	37.863	564.661
Orkugjafar .....	166.661	201.718
Matvæli .....	7.795.432	8.587.675
Almennar rekstrarvörur .....	130.394	104.240
Vörukaup, almenn	8.216.135	9.883.944
Fundir, námskeið, risna .....	422.294	458.080
Akstur .....	0	109.977
Sérfræðiþjónusta .....	4.478.658	11.430.711
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	41.760	24.832
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	36.064	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	881.711	1.283.708
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	5.860.487	13.307.308
Afnotagjöld .....	9.495.508	9.407.261
Leigugjöld .....	18.916.146	17.556.025
Notkun véla og flutningatækja .....	0	24.360
Verkkaup .....	3.990.133	9.791.268
Kostnaðarhlutdeild .....	2.706.962	4.807.965
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	35.108.749	41.586.879
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	(122.808.893)	(86.225.449)
Annar rekstrarkostnaður samtals	(73.623.522)	(21.447.318)
<b>6 Afskriftir og niðurfærslur</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.116.953	3.344.049
Úreldar eignir .....	0	0
	3.116.953	3.344.049
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>7 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	92.801.738	47.893.042
Skuldir við tengda aðila .....	(711.822)	(7.274.824)
	92.089.916	40.618.218

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2025      31.12.2024

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	7.716.916	10.476.627
	<u>7.716.916</u>	<u>10.476.627</u>
	<u>7.716.916</u>	<u>10.476.627</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025 .....	31.275.503	0	0	0	31.275.503
Viðbætur á árinu .....	357.242	0	0	0	357.242
Selt/úrelt á árinu .....	0	0	0	0	0
	<u>31.632.745</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>31.632.745</u>
Afskriftir 01.01.2025 .....	20.798.876	0	0	0	20.798.876
Afskrift ársins .....	3.116.953	0	0	0	3.116.953
Selt/úrelt á árinu .....	0	0	0	0	0
	<u>23.915.829</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>23.915.829</u>
Staða 31.12.2025 .....	<u>7.716.916</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>7.716.916</u>
				<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>

### 9 Aðrar skuldir

Áfallið og ógreitt orlof .....	27.725.705	21.875.872
Viðskiptaskuldir .....	884.212	1.460.785
Ýmsar skuldir .....	0	39.304
	<u>28.609.917</u>	<u>23.375.961</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	2.317.692	12.272.520
Afkoma ársins .....	44.994.984	(9.954.828)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>47.312.676</u>	<u>2.317.692</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.